

Utanríkisráðuneytið
Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík

Lómatjörn, 7. maí, 2009

Ágæti ráðherra,

Þann 24. mars sl. fór fram fyrsti fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Tvö meginmál voru á dagskrá fundarins. Í fyrsta lagi var almenn umræða um þróunarsamvinnu Íslands, fjallað var um ný lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu, þær breytingar sem orðið hafa á skipan þróunarmála í utanríkisráðuneytinu og þau skref sem þegar hafa verið tekin til að hrinda nýju lögunum í framkvæmd. Í öðru lagi var fjallað um helstu áherslur og verkefni í þróunarsamvinnu stjórnvalda á árinu 2009.

Almenn ánægja kom fram í máli fulltrúa um setningu nýrra þróunarsamvinnulaga og tilkomu samstarfsráðsins. Í umræðum um hlutverk ráðsins kom fram að því ber að vera ráðgefandi aðili við stefnumarkandi ákvarðanatöku í þróunarsamvinnu. Skýr vilji er í hópi fulltrúa samstarfsráðsins til þess að nú í upphafi starfstíma þess verði það virkjað sem best við þá vinnu sem framundan er, þ.m.t. við gerð fjögurra ára áætlunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Var m.a. bent á að ástæða gæti verið fyrir ráðið að funda fyrst um sinn oftari en tvisvar árlega, eins kveðið er á um sem lágmark í lögunum.

Í umræðu um hlutverk Þróunarsamvinnunefndar kom fram að nefndinni ber að veita Alþingi umsögn um drög að þingsályktun um áætlun stjórnvalda í þróunarsamvinnu og fulltrúar í nefndinni sitja einnig í samstarfsráðinu. Að öðru leyti er ekki nánar kveðið á um hlutverk nefndarinnar í lögunum. Að mínum dómi eru löggin hins vegar óskýr hvað fyrirkomulag á störfum nefndarinnar varðar og legg ég til að haft verði samráð við Alþingi um það atriði. Fram kom ósk um að ráðuneytið kalli nefndina saman til fundar. Jafnframt var bent á að ekki væri víst að drög að reglugerð um framkvæmd þróunarsamvinnu, sem lögð voru fyrir ráðið til kynningar, endurspegli að fullu afstöðu utanríkismálanefndar til hlutverks nefndarinnar.

Að öðru leyti snerust umræður um efnislegar áherslur í þróunarsamvinnu Íslands, þ.m.t. hversu mikilvægt sé að markmið séu vel skilgreind, hvernig skipting þróunarverkefna tengist þúsaldarmarkmiðum SP og mikilvægi hreinskiptinnar umræðu um þróunarmál, m.a. með efltri aðkomu háskólasamfélagsins. Lögð var áhersla á mikilvægi virkrar þátttöku félagasamtaka í þróunarsamvinnu stjórnvalda og fram kom ábending um að ákvæði þess efnis mætti koma fram í reglugerðinni. Síðast, en ekki síst, var bent á að varast beri að láta erfiðleika í efnahagsmálum þjóðarinnar bitna á framlagi Íslands til þróunarsamvinnu.


Starfsmenn utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands kynntu áherslur og verkefni stjórnvalda í þróunarsamvinnu á árinu 2009 og svöruðu spurningum fulltrúa. Meðal atriða sem fram komu voru spurningar um verklagsreglur við val og ákvarðanir samstarfsverkefna við alþjóðastofnanir, áhyggjur af niðurskurði þróunarverkefna í Namibíu, spurningar um hvernig væntanlegur niðurskurður á

fjárlögum kunni að hafa áhrif á þróunarsamvinnuna og ábendingar um að framlög renni til rannsóknarstarfa og samstarfs háskóla á Íslandi og í þróunarlöndum. Rætt var um störf Íslendinga á ófriðarsvæðum og að hve miklu leyti þau teljist til tæknaðstoðar. Þá var fjallað um þau áhrif nýju laganna sem aukinn sveigjanleiki í verkefnavali og framkvæmd þróunarverkefna kann að hafa í för með sér fyrir ÞSSI.

Fram kom að vinna við gerð áætlunar um alþjóðlega þróunarsamvinnu er nú að hefjast á vegum utanríkisráðuneytisins og er það von mín að drög að áætluninni verði tilbúin til umfjöllunar í samstarfsráðinu í upphafi hausts. Þá er mikill vilji í hópi félagasamtaka að þau fái tækifæri til að kynna störf sín í samstarfsráðinu og er það ætlan mín að slík kynning verði dagskrárefni á næsta fundi ráðsins í september nk.

Að mínum dómi var þessi fundur vel heppnað upphaf á störfum samstarfsráðsins. Jákvæður og málefnalegur, en jafnframt nokkuð ákveðinn tónn var sleginn í málflutningi fulltrúa. Ég tel einmitt að hlutverk ráðsins sé að veita stjórnvöldum bæði aðhald og stuðning í málaflokki sem réttilega hefur orðið hornsteinn í íslenskri utanríkisstefnu á undanförunum árum.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit: Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu